TRAUSTI fasteignasala

VIÐ ERUM TRAUSTI

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Sólveig Regina Biard
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

Bryndís Bára Eyjólfsdóttir
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

Bára Daníelsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

Erla Árnadóttir
BA í lögfræði.
Hefur lokið prófi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
S: 864-8463

Garðar B. Sigurjónsson
Í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
S: 898-0255

AKUREYRI VIKUBLAÐ

12. október 2017

32. TÖLUBLAÐ, 7. ÁRGANGUR

Frumflutningur í Akureyrarkirkju

KENNARAR FENGU VIÐURKENNINGAR



„Maður kann þetta alveg“

Mynd: Guðrún Þórs

Hlustaði ekki á viðvörunarbjöllurnar

Ragnheiður Runólfsdóttir flutti til Akureyrar fyrir sjö árum og hefur ekki litið til baka síðan. Í einlægu viðtali segir Ragnheiður frá glæsilegum sundferli, uppvextinum á Skaganum, fjölskyldunni, ofbeldissambandinu sem hún festist í, veikindunum og mismunandi tækifærum kynjanna þegar kemur að íþróttum.

Framtak-Blossi er umboðsaðili fyrir **VOLVO PENTA** á Íslandi

Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.

VOLVO PENTA

Hafið samband við Hafþór í síma 895-3144 eða hafthor@blossi.is

FRAMTAK BLOSSI ehf

Dvergshöfða 27 , 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

AEG ÞVOTTAVÉLAR OG ÞURRKARAR

AEG
914913404
ÞVOTTAVÉL
L6FBE720I
Tekur 7 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.
Verð: 89.900,-

AEG
916097949
ÞURRKARI
T6DBM720G
Tekur 7 kg af þvotti.
Verð: 99.900,-

AEG
914550043
ÞVOTTAVÉL
L7FBE840E
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.
Verð: 119.900,-

ORMSSON.IS · UMBOÐSMENN UM ALLT LAND

ORMSSON

FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Aðsend grein:

Framtíðarsýn fyrir Norðurland

Allt of oft snúast stjórnmálin um dægurmál. Stjórnmálamenn hugsa í árum eða í mesta lagi einu kjörtímabili, en horfa ekki til langrar framtíðar. Þegar þeir leita lausna í atvinnumálum hugsa þeir oft sem svo: Hvað annað gæti fólkið sem nú býr í fjórðungnum unnið við? í stað þess að velta fyrir sér: Hvar hefur ungt fólk áhuga á því að vera í framtíðinni?

Sterkari heildir

Á Norðurlandi búa um 40 þúsund manns, frá Hrútafirði til Þórshafnar. Byggðin er dreifð og enn þann dag í dag hugsa menn allt of mikið í byggðakjörnum í stað þess að horfa á stærri heildir. Það eru gömul sannindi og ný að sameinuð stöndum við og sundruð föllum við.

Eitt skref í þá átt að styrkja Norðurland er að hugsa það sem eitt atvinnusvæði. Víða eru vegalengdir vissulega miklar, en þær má sannarlega stytta með vegabótum og fjarskiptum. Við höfum nú þegar Heilbrigðisstofnun Norðurlands, en eigum við ekki að horfa á miklu nánara samband. Hvernig Norðurland sjáum við fyrir okkur um miðja 21. öldina? Það er kostur að hugsa til langs tíma. Þá erum við ekki bundin af skammtímahugsun heldur getum við leikið okkur með það hvernig við viljum að hlutirnir verði.

Hvernig verður Norðurland árið 2050?

Ég er sannfærður um að þrennt skipti mestu um það hvar fólk vill búa, auk þess sem auðvitað þurfa líka að vera atvinnutækifæri á svæðinu:

-Að grunnþjónusta sé góð
-Góðar og öruggar samgöngur
-Að fjarskipti séu í góðu lagi

Skoðum ofangreind atriði hvert fyrir sig.

Til þess að grunnþjónusta verði í lagi verða sveitarfélög að vera nægilega sterk til þess að standa undir skólahaldi, leikskólum, þjónustu við aldraða og fatlaða og önnur verkefni sem sveitarfélögum eru falin. Læknisþjónusta þarf líka að vera örugg og auðsótt. Með nútíma fjarskiptum getum við náð miklum árangri, til dæmis í læknisþjónustu. Fjarlækningar eru ekki fjarlægur draumur heldur gerast þær nú þegar.

Árið 2050 verða engir vegir um illfærar heiðar, öll svæði verða tengd með göngum. Íbúar við Eyjafjörð sjá hve miklu þau hafa breytt og geta breytt. Þá verður stór hluti svæðisins orðinn eitt atvinnusvæði í raun. En samgöngur er fleira en vegir. Flugið ætti að vera ferðamáti nútímans og ég hef verið því hlynntur að litið verði á það sem almenningssamgöngur, sem eðlilegt sé að ríki og sveitarfélög komi að til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins. Ódýrara flug fyrir íbúana bætir ekki bara lífsgæði heldur líka nýtingu flugvéla, byggir líka undir aukna þjónustu og þannig verður það til eflingar ferðaþjónustunnar.

Fjarskipti þurfa að mæta nútíma kröfum. Börn læra núorðið á iPad skömmu eftir að þau læra að ganga. Auk þess eru hnökralaus tölvusamskipti öryggisatriði fyrir íbúa og ferðamenn. Allur fjórðungurinn þarf að vera í síma- og tölvusambandi og þar má hvergi vera dauður blettur.

Færum fjármuni í heimabyggð

Viðreisn hefur beitt sér fyrir sátt í sjávarútvegi sem meðal annars felur í sér að auðlindagjald renni ekki í ríkishítina heldur farið til uppbyggingar innviða í landsfjórðungunum. Þá ákveða íbúarnir sjálfir forgangsröðun

á verkefnum og geta nýtt sínar sértekjur til þess að flýta uppbyggingu á þeim sviðum sem þeir sjálfir telja nauðsynleg. Norðlendingar finna á eigin skinni hvernig óstöðugur gjaldmiðill getur leikið atvinnuvegina. Þess vegna yrði stöðugur gjaldmiðill með sömu vexti og tíðkast nágrannalöndunum lyftistöng fyrir svæðið.

Þegar allt Norðurland uppfyllir skilyrðin þrjú sem ég nefndi hér á undan verður það segull á margs konar atvinnustarfsemi sem okkur getur ekki einu sinni dreymt um núna, vegna þess að ungt fólk með hugmyndir og hugvit sér að þar er gott að búa.

Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra og þingmaður Norðausturkjördæmis.

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
• Þægilegur hiti góð hitadreifing
• Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
• Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
• Fljótlegt að leggja
• Ekkert brot ekkert flot
• Dreifiplötur límdar beint á gólfið
• Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
• Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
• Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt
Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Fjölvítamín náttúrunnar, hreint og ómengað
Engin tilbúin næringaefni
13 vítamín og 16 steinefni · 18 aminósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur
SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Hrein orka, eflir einbeitingu, eykur súrefnismettun, gefur heilbrigða næringaríka orku, gott allan daginn.
Eflir mótstöðu og er góð vörn við vetrar pestum. Frábært gegn þreytu, sleni og pirringi, auðugt af járni.
Fyrir allan aldur, smábörn, unglinga og fullorðna.
Nánari upplýsingar á www.celsus.is
18 ára VELGENGNI Á ÍSLANDI
lifestream
Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu og víðar | celsus.is

VARAFORMAÐUR FLOKKSINS Edward Huijbens er nýkjörinn varaformaður Vinstri grænna og situr í fjórða sæti NA-kjördæmis.

Nýkjörinn varaformaður í baráttusæti

Steingrímur J. Sigfússon situr í efsta sæti framboðslista Vinstri grænna í NA-kjördæmi en listinn var samþykktur á aukafundi kjördæmisráðs á Akureyri á mánudagskvöldið. Í öðru sæti er Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, framhaldsskólakennari í Neskaupstað, er í því þriðja, en nýkjörinn varaformaður flokksins, Edward H. Huijbens, situr í fjórða sæti.

Höldur

Nokkrir metrar í hemlunarvegalengd geta skipt öllu máli

Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að öryggi

Goodyear er virtasti dekkjaframleiðandi heims, fimmta árið í röð*

*samkvæmt tímaritinu Fortune

GOODYEAR

Höldur dekkjaverkstæði • Gleráreyrum 4 • dekk@holdur.is • s. 461-6050

Aðsend grein:

Eflum byggðir landsins

Eitt aðalmarkmið Pírata er valddreifing og sjálfsákvörðunarréttur. Að hver og einn geti haft aðkomu að málum sem hann varða. Af því leiðir sú stefna okkar Pírata að gera eigi sveitarfélög fjárhagslega sjálfstæð til þess að þau geti staðið undir þeirri þjónustu sem þau eiga að veita. Stóra spurningin er, hvernig förum við að því?

Í dag fá sveitarfélög aðallega tekjur frá útsvari einstaklinga og í gegnum fasteignagjöld. Þessum tekjum er ætlað að standa undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Undanfarið hefur ríkið fært ýmis verkefni yfir til sveitarfélaganna án þess að viðeigandi fjármagn fylgi.

Kerfið mannanna verk

Lausnin við þessu er að gera hluta tekjuskatts fyrirtækis og virðisaukaskatt að útsvari til sveitarfélags. Þannig myndi hluti af hagnaði fyrirtækis sem og sala af vöru eða þjónustu fyrirtækis renna til nærsamfélagins. Hér er nauðsynlegt að taka fram að ef þú kaupir olíu á bensínstöð í Varmahlíð þá myndi hluti virðisaukaskattsins af olíugjaldinu renna til Skagafjarðar en ekki til sveitarfélagsins þar sem bensínstöðin er með höfuðstöðvar. Þeir sem þekkja til í kerfinu telja þetta vera erfitt í framkvæmd, kerfið virki ekki svona, en við látum slíkt ekki stöðva okkur. Kerfið er mannanna verk og það er hægt að bæta.

Öflugri sveitarfélög

Það besta við þessa breytingu er ekki bara að tekjustofnar sveitarfélaganna verða sterkari heldur verður einnig til hvati til þess að laða að annars konar atvinnustarfsemi en þá sem skilar miklum fasteignargjöldum. Ferðamenn sem flakka um landið og kaupa alls kyns þjónustu myndu skila hagnaði beint í sjóði sveitarfélagsins. Veffyrirtækið úti í bílskúr færi allt í einu að standa undir rekstri leikskólans.

Þessi breyting er á kostnað ríkissjóðs en afurðin eru öflugri og sjálfstæðari sveitarfélög. Það gagnast okkur öllum, líka ríkissjóði.

Björn Leví Gunnarsson og Eva Pandora Baldursdóttir
Höfundar eru þingmenn og frambjóðendur Pírata í Reykjavíkurkjördæmi Suður- og Norðvesturkjördæmi

LEIÐARI

Ofbeldi fer ekki í manngreinarálit

Á forsíðu blaðsins að þessu sinni er íþróttahetjan Ragnheiður Runólfsdóttir sem segir frá sundafrekum sínum, æskunni á Skaganum, fjölskyldunni og flutningunum norður á Akureyri.

Ragnheiður fjallar einnig um heim íþróttanna og mismunandi aðgengi kynjanna að honum. Þegar hún vann titilinn eftirsóknarverða, Íþróttamaður ársins árið 1991, var hún önnur konan til að hljóta titilinn. Sú fyrsta, handboltakonan Sigríður Sigurðardóttir, hafði unnið hann 27 árum áður, árið 1964. Að sögn Ragnheiðar er það staðreynd að íþróttakonur þurfa að sanna sig meira en karlar og eru ekki metnar á sama hátt og þeir.

Í viðtalinu segir Ragnheiður einnig frá heimilisofbeldi sem hún bjó við. Öðru hverju koma fram á sjónarsviðið mikilvægar fyrirmyndir. Einstaklingar sem aðrir horfa upp til; fólk sem hefur nægt hugrekki til að stíga fram og deila sögu sinni í von um að hjálpa öðrum í sömu sporum. Ein þeirra er Ragnheiður Runólfsdóttir.

Ofbeldi fer ekki í manngreinarálit. Afrekssundkona. Ein af fimm konum á Íslandi sem hefur hlotið titilinn Íþróttamaður ársins. Tvöfaldur Ólympíufari. Það geta allir verið beittir ofbeldi – líka frægar íþróttastjörnur.

Indíana Ása Hreinsdóttir

AKUREYRI VIKUBLAÐ
32. TBL. 7. ÁRGANGUR 2017

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Indiana Ása Hreinsdóttir, Indianahreins@gmail.com, 893 6152
Umbrot: Vefpressan. **Prentun:** Landsprent. **Dreifing:** Póstdreifing og Íslandspóstur

14.500 EINTÖK ÓKEYPIS – UM ALLT NORÐURLAND

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Tjarnargata 4 101 Reykjavík Sími 511 3101 Fax 511 3909 www.101.is 101@101.is
Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali

Ömmukaffi, Blönduósi

Veitinga/kaffihús og bar í eigin húsnæði. Húsið er kjallari og 2 hæðir samtals 169 fm.
Á 1. hæð er aðal veitingasalurinn, snyrting, eldhús og bar. Á 2. hæð er rúmgóð snyrtiaðstaða, og veitingasalur. Miklar endurbætur fór fram 2015 á hluta eignarinnar, útbúið var rúmgott eldhús og afgreiðslulúgu komið fyrir og fer þar fram ís og pylsusala. Ömmukaffi er mjög vel staðsett á Blönduósi og við hliðina á sundlaug bæjarins Miklir og góðir tekjumöguleikar.
V- 40 millj.

Baugakór - Kóp

Björt og falleg 4ra herbergja endaíbúð, á þriðju hæð í snyrtilegu lyftuhúsi, sérinngangur. Forstofa með flísum á gólfi og góðum skáp. Eldhús og stofa eru í opnu rými, flísar á gólfi í eldhúsi en ljóst plastparket á stofu. Svefnherb. eru þrjú, öll með skápum og ljósu plastparketi. Baðherb. er með baðkari, flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús er flísalagt. Í sameign er hjóla og vagnageymsla. Í bílageymslu er sér bílskúr og geymsla þar innaf.
V- 54,9 millj

Öldugata 101 - Rvk

Snyrtileg kjallaraíbúð á þessum vinsæla stað við Öldugötu 41, íbúðin er 48,9 fm samkvæmt FMR þar með talin geymsla við hlið íbúðar sem er 6,4 fm. Gott skápapláss og eldhúsinnrétting nýleg. Íbúðin er ósamþykkt. Möguleiki á að taka yfir lán frá íbúðalánasjóði upp á tæpar 9.000.000.
V-28,9 m.

Orihuela Costa - Spáni

Fallegar íbúðir í nýbyggingu. Sérinngangur, stofa með opnu eldhúsi. 3 svefnherb. og 2 baðherb. Íbúðirnar eru með verönd og efrihæðir með sólarsvölum á þaki að auki. Sameiginlegt svæði með sundlaug og garði. Vel staðsettar, stutt í verslun, innan við 10 mín akstur frá Zenia Boulevard auk Villamartin golfvallarins og 5 mín akstur að fallegu ströndum. Afhending júlí 2018.Aðeins 12 íbúðir **V- frá - €186.900 + 10% vsk.**

Þar sem hjartað slær

Fosshótel Mývatn
slær upp glæsilegu jólahlaðborði

25. nóvember · 2. og 9. desember

9.400 kr. á mann

Gisting, morgunverður og jólahlaðborð aðeins 15.400 kr. á mann*

- Gildir fyrir tvo í herbergi
- Aukanótt 6.000 kr. á mann
- Uppfærsla í Lake View herbergi 3.000 kr.

*Verð í eins manns herbergi 19.500 kr.

Hópar eru velkomnir allan ársins hring.

Forréttir
Jólasíld, kryddsíld, rússnesk síld, grafinn lax með sinnepssósu, reyktur lax með piparrótarsósu, rækjukokteill, rauðspretta í raspi með heimalöguðu remúlaði og krydduðum agúrkum, villibráðarsúpa með koníaki, hreindýrapaté með sultuðum bláberjum.

Aðalréttir
Dönsk grísapurusteik, kalkúnabringa, hægelduð lambasteik, rauðrófu og hnetusteik með stökku grænkáli, önd með bananakaramellusósu og cashew hnetum, hamborgarahryggur með sykurgljáa, ananas og aprikósum, taðreykt hangikjöt.

Eftirréttir
Íslenskar smákökur, konfekt, ris al a mande, frönsk súkkulaðikaka, gamla góða marengskakan.

Pantanir í síma **453 0000** og á **myvatn@fosshotel.is**

FOSSHOTEL MÝVATN

KENNARAR MEÐ KÓRÓNUR Myndin var tekin af vef Verkmenntaskólans á Akureyri, vma.is.

Kennarar fengu viðurkenningar

Alþjóðadagur kennara, 5. október, var haldinn hátíðlegur um heim allan og þar á meðal í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem stutt dagskrá fór fram í Gryfjunni. Á meðal þess sem fram fór í VMA var verðlaunaafhending þar sem nokkrir sérvaldir kennarar hlutu viðurkenningar. Á meðal þeirra sem fengu viðurkenningar var Karen Malmquist sem hlaut titilinn Skemmtilegasti kennarinn. Rólegasti kennarinn var valinn Indriði Arnórsson, titilinn Vinalegasti kennarinn hlaut Íris Ragnarsdóttir, en nafnbótina Íþróttaálfurinn fékk Anna Berglind Pálmadóttir.

Finnsk menning í Hofi

Í tilefni aldarafmælis finnska lýðveldisins verður finnsk menning í hávegum höfð í Hofi dagana 16.–22. október. „Það er afar spennandi vika framundan," segir Kristín Sóley Björnsdóttir, viðburðastjóri Menningarfélags Akureyrar, en MAk hefur sett saman áhugaverða dagskrá í samstarfi við ólíka aðila sem allir vilja halda uppi merkjum finnskrar menningar af þessu tilefni. „Kveikjan að þessu öllu saman eru stórtónleikarnir Finlandia og Frón þar sem hinn finnski stjórnandi Peter Sakari stýrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem flytur verk Sibeliusar, en verkið hefur sterk tengsl við lýðveldisbaráttu Finnlands. Það er því ekki að ástæðulausu að sendiherra Finnlands, Valtteri Hirvonen, mun heiðra okkur með nærveru sinni og fjalla um þessi tengsl fyrir áhugasama tónleikagesti áður en tónleikarnir sjálfir hefjast," segir Kristín Sóley einnig.

UMHVERFISVÆNIR KRAKKAR Nemendur í efstu bekkjum Hríseyjarskóla saumuðu innkaupatöskur úr auglýsingafánum og færðu Hríseyjarbúðinni.

MAK MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR

Aðalfundur Menningarfélags Akureyrar ses

31. OKTÓBER 2016 KL. 20:00–22:00 Í HÖMRUM Í HOFI

DAGSKRÁ:

- Skýrsla stjórnar
- Skýrsla Menningarfélagsins ses.
- Ársreikningur Menningarfélagsins ses.
- Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreikninga
- Kynning á starfsáætlun fyrir komandi starfsár
- Tillögur til stjórnar að breytingum á skipulagsskrá
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
- Tilkynning um skipun fulltrúa í stjórn
- Kosning löggilds endurskoðanda félagsins
- Önnur mál

Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnir aðildarfélaganna, skráðir félagar í Leikfélagi Akureyrar, stofnaðilar Menningarfélagsins Hofs ses. og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Stjórn og framkvæmdastjóri

Menningarfélag Akureyrar | Strandgötu 12 | 600 Akureyri | 450 1000

HAUSTILBOÐ

10% haustafsláttur af öllum GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðunum á heimasíðunni okkar

www.volundarhus.is

VH/17-01

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslulán · VISA Lán

Hjá Ísrör ehf færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna

Hjá Ísrör færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS – HITAVEITU – LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA
ÍDRÁTTARRÖR – VARÚÐARBORÐA – HERPIMÚFFUR og svo margt fleira

ÍSRÖR EHF
HEILDVERSLUN

Sími 565 1489 - Hringhella 12 - 221 Hafnarfjörður - isror@isror.is - www.isror.is

YFIRHEYRSLAN: GUÐJÓN SVARFDAL BRJÁNSSON

Guðjón Brjánsson reynir að vera glaður og geðprúður og er lakur í stærðfræði.

Fullt nafn, aldur og starfstitill: „Guðjón Svarfdal Brjánsson alþingismaður.“

Nám? „Lauk stúdentsprófi frá MA, félagsráðgjafarnámi frá Sosialhøgskolen í Stavanger, Noregi, stundaði um eins árs skeið stjórnunarnám á öldrunarsviði í Flórída og lauk masternámi í lýðheilsufræðum (MPH) við Nordiska högskolan for folkhälsovetenskap í Gautaborg.“

Fjölskylduhagir: „Kvæntur Dýrfinnu Torfadóttur gullsmið. Synirnir eru tveir, Brjánn og Hallur, og barnabörnin orðin fimm.“

Stjörnumerki? „Ég telst víst vera hrútur en er ansi nærri mörkum fisksins, þetta er erfitt stríð.“

Fæddur og uppalinn? „Fæddur og alinn upp á Brekkunni á Akureyri, næsti nágranni í gamla daga var svínahjörðin á Grísaból þar sem nú er Kaupangur.“

Í hverju ertu bestur? „Ég er líklega ekki góður í neinu, hef þó notið þess að vinna með öðru fólki og skapa liðsheildir á vinnustað, virkja fólk og ýta undir styrkleika. Síðan hef ég gríðarlegan áhuga á íslenskri tungu en framtíð hennar er áhyggjuefni. Það er ótrúlega gaman að hnoðast með texta og nýta sveigjanleika málsins.“

Í hverju ertu lakastur? „Stærðfræði og fara með tölur.“

Hvað ætlaðirðu að verða þegar þú yrðir stór? „Ég hafði áhuga á að afla mér iðnmenntunar. Mín fyrirmynd var Lói, pípari og þúsundþjalasmiður á Akureyri, faðir Reynis Leóssonar. Ég hafði einhvern veginn ímyndað mér að það væri hæfilega gróf vinna sem gæti hentað skussum eins og mér en það er auðvitað bölvuð vitleysa. Pípulagnir er mikil nákvæmnisvinna. En svo villtist ég af leið. Mínir bestu vinir á Akureyri eru iðnaðarmenn og sómi sinnar stéttar.“

Hverju myndirðu breyta ef þú værir einræðisherra í einn dag? Bæta hag barna og barnafjölskyldna og allra þeirra sem annast um börn, ekki síst kennara. Tryggja að bæði aldraðir og öryrkjar geti notið öruggrar afkomu og lifað virkir og stoltir í samfélaginu. Leggja áherslu á að efndir fylgdu þessum loforðum.

Fyrirmynd? „Pabbi kemur auðvitað fljótt upp í hugann, hans lífssýn verður bara áleitnari eftir því sem tíminn líður en hann lést fyrir rúmlega þremur árum. Hann var í mínum huga sannasti jafnaðarmaður sem ég hef kynnst en var þó bundinn Framsóknarflokknum heitum tryggðaböndum alla tíð. Tryggvi Gíslason, skólameistari MA, hafði líka talsverð áhrif á mig, honum fylgdi ferskur blær í skólastarfinu og meðferð hans á íslensku máli fannst mér flott og hann hefur að mörgu leyti verið mér fyrirmynd.“

Mottó? „Leita lausna, afgreiða mál, reyna að vera glaður og geðprúður.“

Uppáhaldstónlistarmaður? „Við eigum flott ungt fólk í tónlist á Íslandi en það er kannski gamaldags en mér koma í hug systkinin Ellý og Vilhjálmur sem bæði voru smekkvís og listræn og áhugaverðar persónur. Norah Jones finnst mér hæfileikarík og flottur tónlistarmaður af erlendu bergi brotinn. Alveg frá fyrstu plötu Eltons John hef ég fylgst með ferli hans sem hefur verið harla skrautlegur. Hann er finnst mér hæfileikaríkur, sannur og ástríðufullur listamaður þótt af honum hafi dregið talsvert. Hann er líka aktívur og örlátur velgjörðamaður á ýmsum sviðum, t.d. varðandi alnæmisbaráttuna.“

Fallegasti staður á Íslandi? „Vestfirðir, Skutulsfjörður á lognkyrru síðsumarkvöldi.“

Hvar vildirðu búa ef ekki á Íslandi? „Norður-Noregur heillar en hugsanlega líka í sveit á Ítalíu.“

Uppáhaldskvikmynd? „Þarna kemurðu á mig flatan, þær eru margar. Ég nefni mynd með einum af mínum uppáhaldsleikurum, Dustin Hoffman, Little Big Man. Bæði er myndin stórkostleg, segir átakanlega sögu og svo er titillinn hnyttinn.“

Uppáhaldsstjórnmálamaður núlifandi? „Ég þarf ekki að hugsa mig augnablik um, auðvitað félagi minn og vopnabróðir Logi Einarsson. Hann er ástríðufullur, alvarlega þenkjandi og sannur í því sem hann er að gera.“

Uppáhaldsstjórnmálamaður allra tíma? „Olof Palme kemur fljótt upp í hugann, bæði fyrir störf hans á alþjóðavettvangi og þátt hans í að styrkja dýrmætt velferðarkerfi okkar á Norðurlöndum.“

Uppáhaldslistamaður allra tíma? „Leonardo Da Vinci var náttúrlega algjört séní og undramaður enda ekki óumdeildur á sinni tíð. Síðan hef ég mikið dálæti á Charlie Chaplin sem þekktastur er fyrir kvikmyndir sínar en hann var líka gott tónskáld sem vert er að gefa gaum, lífshlaup hans var dálítið merkilegt.“

Uppáhaldsmatur? „Fiskréttir af öllu tagi.“

Morgunmatur? „Þarna hef ég alveg sérstakt hlutverk á heimilinu, geri hollustudrykk á hverjum morgni samkvæmt eigin formúlu. Það er stundum kvartað yfir því að það sé lítil tilbreyting í þessu hjá mér en hann gerir sitt gagn og endist manni langt fram á dag.“

Uppáhaldsrithöfundur? „Ég hafði mjög gaman af að kynnast Málfríði Einarsdóttur sem aldraðri konu og las dálítið eftir hana. Guðbergur Bergsson er yfirburðahöfundur og setningaperlur hans gætu fyllt margar spakmælabækur. Síðan er Guðmundur Andri Thorsson oftast á náttborðinu og í öndvegi.“

Leyndur hæfileiki? „Ég held því fram að ég geti talað við fiska eða náð sambandi við þá, sérstaklega þorsk. Þetta uppgötvaði ég á skaki á sínum tíma. Því miður hef ég ekki ræktað þennan hæfileika nægilega vel en hef hug á að bæta úr því. Það er svo mikið af þorskum til.“

Hvað myndirðu aldrei gera? „Ég sé mig t.d. ekki ganga nakinn niður Kaupfélagsgilið á Akureyri í sólskini (eða svo sem hvernig sem viðraði).“

Facebook eða Twitter? „Facebook.“

Snapchat eða Instagram? „Snapschat.“

Hundar eða kettir? „Hundar.“

Á hvaða útvarpsstöð er stillt í bílnum þínum? „Oftast Rás 2.“

Ertu farinn að hlakka til jólanna? „Já, sannarlega til helgi jólanna, umstangið fer ekki vel í mig.“

Haustið er tími framkvæmda - eigum til afhendingar:

TRIMO GÁMAHÚS

Bogahýsi til á lager

Eigum til afhendingar bogahýsi frá Future Rundbuehaller. Stálvirkið er galvaniserað og báraujárnið tilsniðið. Flótleg og hagkvæm lausn! Til í eftirfarandi stærðum:

5x6 án framgafls
5x6 með framgafli og hurð (2,4x2,4m)
5x9 með framgafli og hurð (2,4x2,4m)

Trimo gámana færð þú hjá HÝSI. Eigum til á lager gáma með og án salernis. Til búið til afhendingar!

Hýsi - Merkúr hf - Lambhagavegur 6 - 113 Reykjavík - Sími 534 6050 - hysi@hysi.is

HÝSI

VIÐ BERUM SNILLIGÁFU HEIM AÐ DYRUM

Með heimsendingu kemst sendingin hratt
og örugglega á áfangastað

www.postur.is

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

PÓSTURINN

Ert þú að flytja?
Er búið að lesa af mælunum?

Við flutninga er nauðsynlegt að **skila inn álestri** af hitaveitu- og raforkumælum til þess að **rétt uppgjör** geti farið fram.

Mælaálestri má skila með því að:

- Smella mynd af mælunum og senda okkur í **tölvupósti á** no@no.is. Fljótleg og þægileg leið sem tryggir réttan álestur.
- Skrá álestur inn á **heimasíðu NO** (https://www.no.is/is/einstaklingar/maelaalestur)
- Hringja í **þjónustufulltrúa** okkar í síma 460-1300

Minnum á „Mínar síður" sem er ein af okkar aðal samskiptaleiðum við viðskiptavini.Þar skráir viðskiptavinur farsímanúmer sitt sem gefur okkur kost á að senda honum smáskilaboð (sms) ef á þarf að halda, t.d. vegna þjónusturofs.

Er þitt númer skráð ? Kannaðu málið á https://www.no.is/mínarsidur



Norðurorka hf. rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri og hita- og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal.

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

RANGÁRVÖLLUM I 603 AKUREYRI I SÍMI 460 1300 I no@no.is I www.no.is



MICHAEL JÓN CLARK Tónlistarmaðurinn hefur verið búsettur og starfað sem tónlistarmaður á Akureyri í 46 ár.

Frumflutningur í Akureyrarkirkju

Á sunnudaginn verða tvö ný tónverk Michaels Jóns Clark frumflutt í Akureyrarkirkju.

Sunnudaginn 15. október verða frumflutt í Akureyrarkirkju tvö ný tónverk ásamt tónverkinu Te Deum. Öll verkin eru úr smiðju Michaels Jóns Clark, sem hefur verið búsettur og starfað sem tónlistarmaður á Akureyri í 46 ár. Fyrsta verkið sem frumflutt verður er Tíu myndbrot fyrir kammerhljómsveit, tvo einsöngvara og kammerkór. Verkið er byggt á brotum úr tónverkum Emils Thoroddsen, sönglögum, píanólögum og kórverkum og gerir miklar kröfur til hljóðfæraleikara og söngvara.

Ljóðrænt og kröftugt

Orgelkonsert Michaels er tileinkaður Eyþóri Inga Jónssyni organista við Akureyrarkirkju sem mun frumflytja verkið. Það er í þremum köflum. Í verkinu er einnig tólf manna hljómsveit og kammerkórinn Hymnodia. Þetta er aðeins fimmti íslenski orgelkonsertinn og sá fyrsti sem frumflutturer í Akureyrarkirkju. Verkið er í kvikmyndatónlistarstíl og fléttast saman orgelleikur og hljóðfærasamspil sem er í senn ljóðrænt, kröftugt og á köflum æsispennandi.

100 manns

Einnig verður flutt verkið Te Deum sem Michael samdi fyrir Kór Akureyrarkirkju og tileinkaði Listvinafélagi Akureyrarkirkju. Þar koma saman hátt í 100 manns og er verkið stórbrotið og tignarlegt. Einsöng í verkinu syngur Helena Guðlaug Bjarnadóttir og einleikur á horn er í höndum Helga Þorbjörns Svavarssonar.

Stjórnendur verða Eyþór Ingi Jónsson og tónskáldið sjálft.

VIÐ VÍGSLUNA Ingibjörg Isaksen, Silja Dögg Baldursdóttir og Ellert Örn Erlingsson, íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar. Myndin er tekin af vefnum akureyri.is

Nýtt íþróttahús vígt

Íþróttahús Naustaskóla var vígt og formlega tekið í notkun á þriðjudaginn. Þetta kemur fram á vef Akureyrarbæjar. Ingibjörg Ólöf Isaksen, formaður frístundaráðs, flutti stutt ávarp við vígsluna þar sem hún meðal annars þakkaði öllum sem að verkinu komu og afhenti Silju Dögg Baldursdóttur, formanni umhverfis- og mannvirkjaráðs, sérstakan skjöld til marks um að húsið hafi formlega verið tekið í notkun.

ÖII þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

VIÐTAL

ÍÞRÓTTASTJARNA Ragnheiður Runólfsdóttir var um árabil fremsta sundkona landsins en hún hlaut titilinn Íþróttamaður ársins árið 1991. Mynd: Guðrún Þórs.

Hlustaði ekki á viðvörunarbjöllurnar

Ragnheiður Runólfsdóttir flutti til Akureyrar fyrir sjö árum og hefur ekki litið til baka síðan. Í einlægu viðtali segir Ragnheiður frá glæsilegum sundferli, uppvextinum á Skaganum, fjölskyldunni, ofbeldissambandinu sem hún festist í, veikindunum og mismunandi tækifærum kynjanna þegar kemur að íþróttum.

Ég er að hefja sjöunda árið hérna og okkur líður vel. Strákurinn minn er að vísu farinn að heiman en stelpurnar eru í níunda bekk í Brekkuskóla og fyrsta bekk í Menntaskólanum á Akureyri og gengur vel," segir Ragnheiður Runólfsdóttir, sundþjálfari og fyrrverandi afrekskona í sundi, sem flutti til Akureyrar haustið 2011 og hefur unað sér vel síðan.

Tvisvar á Ólympíuleikum

Ragnheiður er yfirþjálfari sundfélagsins Óðins og kennir einnig í Brekkuskóla. Hún á að baki glæsilegan feril, keppti meðal annars tvisvar á Ólympíuleikum og var kjörin íþróttamaður ársins árið 1991. Hún er fædd og uppalin á Akranesi, yngst fimm systkina, dóttir útgerðarhjónanna Runólfs Óttars Hallfreðssonar og Ragnheiðar Gísladóttur sem bæði eru látin. „Ég var kröftugur krakki og ofvirk fyrir allan peninginn. Við krakkarnir lékum okkur úti allan daginn og fórum helst ekki inn að borða. Ég á bara góðar minningar úr æsku. Það voru engir erfiðleikar og allir voru glaðir; sem eru mikil forréttindi. Við áttum stórt hús í Krókatúni sem var ávallt opið fyrir vini og fjölskyldu og það var alltaf margt fólk heima. Samheldnin á Skaganum var mikil og foreldrar mínir alltaf boðnir og búnir að aðstoða ef þurfti."

Saknar móður sinnar

Hún segir lífið hafa tekið stakkaskiptum eftir andlát foreldra hennar. „Það eru 14 ár síðan pabbi dó en mamma lést fyrir ári. Mamma var fastur liður í lífi okkar barnanna og þótt við byggjum hér fyrir norðan og hún á Akranesi var hún minn besti vinur og helsti ráðgjafi. Hún studdi mig í gegnum allt og var mér rosalega mikilvæg. Fyrir mér var hún heimurinn. Ég missti mikið þegar ég missti hana. Mamma hafði lifað tímana tvenna en alltaf staðið keik. Hún var svo ofsalega stolt kona. Hún var með lungnasjúkdóm og var mikill ofnæmissjúklingur og lést í raun úr matareitrun sem ekki var hægt að meðhöndla vegna ofnæmis fyrir lyfjum. Hún tók því sjálf ákvörðun um að enda þetta og lést með reisn eins og hún hafði lifað allt sitt líf," segir Ragnheiður og játar því aðspurð að eflaust líkist hún móður sinni að ýmsu leyti. „Ég er samt ekki skemmtileg eins og hún. Hún var svo fyndin og skemmtileg."

Háskólanám á íþróttastyrk

Þótt knattspyrna hafi verið í algleymingi á Skaganum þá valdi Ragnheiður sundið og hlaut til þess fullan stuðning foreldranna. „Að æfa afreksíþrótt er full vinna en þetta var hægt með þeirra hjálp. Ég fékk einhverja styrki en sá peningur var bara dropi í hafið. Ég var heppin og mamma og pabbi greiddu nánast allt fyrir mig. Stuðningur fjölskyldu skiptir öllu máli fyrir ungt íþróttafólk og auðvitað fyrir alla," segir Ragnheiður sem komst út til Bandaríkjanna í háskólanám á skólastyrk þar sem hún lærði íþróttalífeðlisfræði.

Launalaus styrktarþjálfari

Hún segir jafnrétti kynjanna hafa þarfnast umbóta í heimi íþróttanna þegar hún var á meðal þeirra bestu. „Og því miður held ég að þetta hafi lítið breyst. Það er erfiðara fyrir konur en karla í íþróttum að fá styrki. Í kvennaboltanum hér á Akureyri erum við með leikmenn í heimsklassa, útlendinga sem ætla sem betur fer að vera hér áfram, sem gætu hæglega staðið sig vel með strákunum. Samt sem áður eru þær svo auðmjúkar og töldu ekki eftir sér að mæta í vörutalningu og þrif á íbúðum rétt eftir að þær unnu Íslandsmeistaratitilinn, því það þarf að safna peningum til að hafa efni á næsta tímabili," segir Ragnheiður sem starfar sem styrktarþjálfari nýkrýndra Íslandsmeistara Þórs/KA-stelpnanna, í launalausu starfi. „Það er ekki til peningur, þannig er það bara. Þessar stelpur eru svo þakklátar fyrir allt. Það er nefnilega auðvelt að verða góður í íþrótt en erfiðara að vera góður íþróttamaður. Það þarf sterkt bak til að

> *„Ég hélt alltaf að ég væri einfaldlega ekki nógu góð til að vinna þennan titil"*

taka með auðmýkt á góðum árangri og þora að vera fyrirmynd alla leið," segir hún og tekur annað dæmi um ósanngirnina gagnvart íþróttaiðkun kvenna þegar kvennaknattspyrnan á Akranesi var lögð niður vegna fjárskorts. „Þessar stelpur höfðu unnið bikar- og Íslandsmeistaratitla en samt var ekki til peningur til að reka kvennadeildina. Þetta er svo óréttlátt viðhorf og hefur ekkert með kvenrembu að gera heldur jafnrétti."

Konur þurfa að sanna sig meira

Þegar Ragnheiður var kjörin íþróttamaður ársins, árið 1991, var hún önnur konan til að hljóta viðurkenninguna, en fimm konur hafa hreppt titilinn síðan Vilhjálmur Einarsson vann hann fyrst, árið 1956. Handboltakonan Sigríður Sigurðardóttir var fyrst kvenna til að til að hljóta titilinn árið 1964 eða 27 árum áður en Ragnheiður kom, sá og sigraði. „Í umfjöllun um kjörið á fyrstu konunni sem var íþróttamaður ársins var mynd af Sigríði með svuntu að elda undir yfirskriftinni; Húsmóðir í Vesturbænum," segir Ragnheiður og hristir hausinn. „Íþróttakonur þurfa að sanna sig meira en karlar. Við metum þær ekki á sama hátt og karlana, því miður, og þetta á við á heimsvísu. Ég hélt alltaf að ég væri einfaldlega ekki nógu góð til að vinna þennan titil. Ég velti því ekkert fyrir mér hvort kyn mitt hefði áhrif og var bara ákveðin í að gera mitt besta," segir hún en bætir við að jafnvægi milli kynjanna sé meira í sundi en mörgum öðrum íþróttum. „Kynin æfa alltaf saman og í sundinu eru margar frábærar kvenfyrirmyndir. Konur hafa verið sterkari í sundinu í gegnum tíðina, hafa náð lengra og hlotið kredit fyrir. Ég hefði samt viljað sjá Hrafnhildi Lúthersdóttur taka titilinn núna síðast en það er erfitt að keppa við fótboltamennina. Það þykir svo mikið afrek ef þeir komast á stóru mótin, þótt bæði stelpurnar í boltanum og í einstaklingsíþróttunum hafi verið þar í mörg ár."

Leitaði til Kvennaathvarfsins

Ragnheiður hefur verið einhleyp í tíu



UNG OG EFNILEG Ragnheiður er fædd og uppalin á Skaganum. Mynd úr einkasafni

STENDUR STERKARI EFTIR Saga Ragnheiðar sannar að allir geta fest í viðjum ofbeldissambands, líka sterkar íþróttastjörnur sem hafa keppt á Ólympíuleikum og unnið titilinn Íþróttamaður ársins. Mynd: Guðrún Þórs.

„Ég, sem hafði alltaf verið „winner“ var orðin „loser“ og það var stór biti að kyngja“

ár og segist ekki þurfa karlmann til að lifa sínu lífi. Samt sem áður viðurkennir hún að það væri gaman að hafa einhvern til að deila lífinu með. „Mér líður ekkert illa og er að skemmta mér vel í þessu lífi. Ég þarf ekki að eiga mann en auðvitað væri gaman að eiga vin til að gera eitthvað skemmtilegt með. Ég veit samt ekki hvar ég ætlast til að þann mann reki á mínar fjörur, kannski í lauginni? Ég er ekki mikið að fara út að skemmta mér og gef því kannski ekki mikið færi á mér,“ segir hún og bætir við að síðustu árin hafi hún verið að byggja sig upp eftir ofbeldissamband. „Ég hafði spólað lengi í sama farinu og það hefur reynst mér erfitt að sætta mig við að ég hafi ekki farið strax. Ég vildi einfaldlega ekki trúa að ég væri orðin þessi manneskja – kona sem þurfti að leita til Kvennaathvarfsins en það hjálpaði mér. Þar fékk ég leiðbeiningar; líflínu til að fara eftir. Ég var hætt að þekkja þessa konu sem ég var orðin. Ég, sem hafði alltaf verið „winner“ var orðin „loser“ og það var stór biti að kyngja,“ segir hún og bætir við að vinir, fjölskylda og börnin hennar hafi hjálpað henni að byggja sig upp að nýju.

Hunsaði viðvörunarbjöllurnar

Hún segir erfiðleikana hafa gert hana að sterkari. „Ég kann betur að meta lífið. Ég hafði bara fleytt rjómann ofan af, en þarna komst ég aðeins ofan í kaffikorginn. Þetta var erfitt tímabil en ég held að ég að ég hafi komið út sterkari þótt það hafi tekið sinn tíma. Ef ég horfi til baka sé ég viðvörunarbjöllurnar sem dingluðu, strax í upphafi og út sambandið, en ég hlustaði ekki á þær. Ég vildi ekki ganga aftur í gegnum skilnað og fannst ég þurfa að standa mína plikt; að ég ætti ekki að gera mikið úr þessu, standa mig, vinna, koma börnunum út í heiminn og vera ánægð með mitt. Ég hafði allt – góða vinnu, frábæra fjölskyldu, húsnæði og yndisleg börn og fannst að ég hlyti að geta verið ánægð. Ég taldi mér trú um að ég yrði að vera kyrr, en smám saman gerði ég mér grein fyrir að ég vildi það ekki og ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun. Það var margt sem ég hefði mátt gera öðruvísi í vanlíðaninni og ég tek fulla ábyrgð á því sem ég sagði og gerði, en að fara, það var rétt.“

Krabbamein í fimmtugsafmælisgjöf

Hún segir flutningunum til Akureyrar hafa fylgt mikið frelsi. „Ég er komin hingað til að vera og lít á mig sem Akureyring þótt ég sé alltaf Skagastelpa í grunninn, því þar eru ræturnar. Mér líður vel hér og er í bestu vinnu í heimi þótt hún sé ekki mjög örugg. Þjálfarastarfið er þannig að maður þarf að standa sig til að halda vinnunni en ég skil það enda valdi ég mér það. Það hentar mér vel að hafa áskorun,“ segir Ragnheiður sem varð fimmtug í fyrra en hefur ekki enn haldið upp á stórafmælið. „Ég verð að fara að gera það en ég greindist með krabbamein í móðurlífi í fyrra og fór í aðgerð fjórum dögum fyrir afmælið. Það var auðvitað ákveðið áfall að greinast, en pabbi og öll systkini hans létust úr krabba sem og margt ungt fólk í fjölskyldunni. Við erum með þessa BRCA-stökkbreytingu og erum einnig í áhættuhóp varðandi heilaæxli, en ég veit ekki ennþá hvort það eigi við um mig. Ég hef verið heppin og hraust í gegnum minn sjúkdóm og þar sem það hefur verið nóg að gera hef ég ekki haft tíma til að dvelja mikið við veikindin.

Ég hef verið einstaklega heppin í lífinu. Þegar ég hafði það sem verst hefði það getað verið verra og þótt það hafi verið erfitt tókst mér að standa upp og fara. Í dag veit ég að ég er víst bara mannleg og lendi í erfiðleikum eins og aðrir, en veit líka að erfiðleikarnir eru áskoranir. Ég hef dregið lærdóm af mörgu og þótt það sé margt sem ég hefði viljað að hefði farið öðruvísi getur maður ekki breytt hlutunum. Það eina sem maður getur er að vera maður sjálfur.“

iáh

„Maður kann þetta alveg“

Ketill Sigurður Jóelsson er einstæður fjögurra barna faðir og formaður Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri. Ketill féllst á að gefa lesendum Akureyri Vikublaðs uppáhaldsuppskriftirnar sínar.

Ef það væri ekki háskóli hér hér í bænum hefði ég örugglega ekki farið í háskólanám. Það hefði ekki hentað mér að þurfa að flytja í burtu til að fara í nám. Þar að auki hentar mér sveigjanleikinn sem Háskólinn á Akureyri býður upp á með fjarnáminu því þótt ég sé í staðarnámi geta fyrirlestrarnir á netinu bjargað manni þegar maður getur ómögulega mætt í tíma,“ segir Ketill Sigurður Jóelsson, þriðja árs nemi í viðskiptafræði og formaður Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Átakið #kjóstumenntun

Þessa dagana stendur Háskólinn á Akureyri, í samstarfi við Landssamtök íslenskra stúdenta, fyrir átakinu #kjóstumenntun. Að sögn Ketils er markmiðið að vekja athygli á aðstöðumun háskólanna á Íslandi og háskólanna á Norðurlöndunum en hann segir háskólana hér mun verr fjármagnaða. „Ég vil að við komumst nær hinum Norðurlöndunum. Hér á landi eru háskólar að fá að meðaltali 2,3 milljónir fyrir hvern ársnema á ári en meðaltalið á hinum Norðurlöndunum er 4,4 milljónir. Að mínu mati er lágmark að við náum Finnunum, sem borga 3,8 með hverjum ársnema.“

Mikilvægur háskóli

En hvaða máli skiptir fyrir Akureyri að hér sé háskóli? „Við værum allt annað bæjarfélag ef háskólinn væri ekki hérna. Auðvitað er ekki hægt að alhæfa en ég held að það væru mun fleiri fyrirtæki sem væru flutt af svæðinu af því að þau fengju ekki starfsfólk til að sinna störfunum. Að sama skapi værum við ekki með jafn gott sjúkrahús og þessa bakvinnslu fjármálafyrirtækja sem hvort tveggja krefst mikillar menntunar. Margt af því sem gerir samfélagið okkar að því sem það er væri ekki til staðar ef hér væri ekki háskóli.“

Einstæður fjögurra barna faðir

Ketill er einstæður fjögurra barna faðir í fullu háskólanámi. Hvernig gengur honum að samtvinna nám og fjölskyldulíf? „Þetta snýst allt um gott „google calendar“. Þetta gengur vel en skipulagið er þétt,“ segir hann og bætir aðspurður við að hér vilji hann búa þegar námi lýkur. „Mér finnst það langlíklegast. Mig langar til þess að krakkarnir klári sína grunnmenntun hér á Akureyri. Það er planið en svo breytast tímar og forsendur,“ segir Ketill sem féllst á að gefa lesendum Akureyri Vikublaðs uppáhaldsuppskriftirnar sínar. „Ég hélt lengi vel úti grínþætti á Snapchat sem hét Eldað með Katli þar sem ég var að gera allskonar tilraunir í eldhúsinu. Maður kann þetta sko alveg. enda fæddur og uppalinn í sveit þar sem maður var ungur látinn elda einfalda rétti.“

iáh

> *„Margt af því sem gerir samfélagið okkar að því sem það er væri ekki til staðar ef hér væri ekki háskóli“*

FJÖGURRA BARNA FAÐIR Ketill Sigurður Jóelsson rekur stórt heimili, er á þriðja ári í viðskiptafræði og er formaður Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Enskt túnfiskbrauð

(1 skammtur)

- 2 brauðsneiðar
- ½ dós bakaðar baunir
- 1 dós túnfiskur
- 2 sneiðar samlokuostur

Leggur brauðið á disk, dreifir vel af túnfiski yfir sneiðarnar til að þekja þær vel. Að því loknu hellir þú bökuðum baunum yfir túnfiskinn. Þá er ekkert eftir annað en að stilla ostinum fallega á toppinn og hita í örbylgjuofni í 1,5 mínútur. Fyrir lengra komna má bæta við öðru gómsæti á brauðið eins og afgöngum úr ísskápnum, sveppum, ananas, gulum baunum eða nánast hverju sem er. Fínt að borða þetta yfir góðum þætti á Netflix eða Youtube.

Heitur réttur

(1 til 10 skammtar)

- 6 brauðsneiðar
- ½ dós aspas
- 1 dós Campell-sveppasúpa
- 1 askja sveppasmurostur
- 1 skinkubréf
- 1 poki rifinn ostur
- Sletta af rjóma

Rífur brauðið niður og dreifir því í botninn á eldföstu móti. Skerð svo niður skinkuna í litla bita og setur í skál ásamt öllu öðru á listanum. Rjómann notar þú til þess að eiga auðveldara með að hræra þetta saman. Síðan hellir þú gumsinu yfir brauðið og dreifir vel úr. Því næst stráir þú ostinum yfir og setur inn í 180°C heitan ofn, þar til osturinn verður orðin smá gylltur ca. 15–30 mínútur.

nau í áskrift

Bókhaldskerfi í áskrift

Microsoft Dynamics NAV

Fullbúin viðskiptalausn í mánaðarlegri áskrift.
Hýsing og afritun í Azure skýjaþjónustu Microsoft
ásamt vottuðum sérlausnum Wise frá kr. 9.900.
Kynntu þér málið á **navaskrift.is**

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. **9.900** pr. mán. án vsk.

Viðskiptalausnir 2

Wise sérlausnir að viðbættri leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtukerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. **17.900** pr. mán. án vsk.

Námskeið á Akureyri

Dynamics NAV Grunnur
23. okt kl. 09:00-12:00

Verð: 22.000 kr.

Fjárhagur I Dynamics NAV
23. okt kl. 13:00-16:00
24. okt. kl. 09:00-12:00

Verð: 30.000 kr.

Kennari: Ragna Sveinsdóttir, ráðgjafi hjá Wise.
Staðsetning: Símey, Þórsstíg 4, Akureyri.

Skráning:
wise.is eða **sala@wise.is**

wise

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
Sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

AKUREYRI VIKUBLAÐ

14.500 eintök frítt um allt Norðurland á hverjum fimmtudegi

Auglýsingar 824-2466, amundi@fotspor.is **Ritstjórn** Indianahreins@gmail.com, 893 6152

12. október 2017

32. TÖLUBLAÐ, 7. ÁRGANGUR

Kúl

Ég á það til að missa kúlið algjörlega í félagslegum aðstæðum. Ekki af því að ég er svo feimin, þó að það sé vissulega málið í einstökum tilfellum, heldur af því að ég segi hluti án þess að hugsa. Stundum ranka ég við mér í miðjum samræðum þar sem viðmælendur mínir sitja opinmynntir og horfa á mig spyrjandi, af því að ég segi handahófskennda hluti um eitthvað sem kemur málinu ekkert við. Í einu slíku tilviki var eins og ég væri vitni að árekstri í slómósjon. Ég sat þá á ansi fjölmennum fundi og það var verið að fara yfir verkefnastöðu og nafnið mitt kom upp. Ég var bara með hálfa athygli við fundarefnið og við það að heyra „Alfa Dröfn“, hryllti ég mig og andvarpaði djúpt. Einlægir fundargestir spurðu mig samstundis hvað væri að hrjá mig og áður en ég náði að stoppa sjálfa mig eða hugsa heila hugsun glopra ég út úr mér að ég þoli bara ekki Drafnar-nafnið. Þarna hófst áreksturinn í slómósjon. Ég horfði með hryllingi á fundargesti grípa þetta á lofti með samúð og horfði á fundarritarann stroka millinafn mitt út úr fundarskýrslunni með tilþrifum. Sessunautur minn virtist hálf áttavilltur og stamaði fullur meðaumkunar: „En þú heitir samt Alfa Dröfn á feisbúkk …“ og áður en ég náði að svara því bætti annar við: „Og dagbókin þín er merkt nafninu þínu …“ Ég leit niður og jú, það var rétt, nafnið mitt starði á móti mér. „Já, ég þarf að laga þetta. …“ muldraði ég og lagði lófann yfir nafnið mitt á dagbókinni. Löng saga stutt, núna er þetta bara eitthvað sem ég þarf að lifa með að eilífu. Stelpan sem þolir ekki millinafnið sitt. Ég verð bara að own-a þetta. Fyrsta skref var að breyta nafninu mínu á feisbúkk. Annað skref verður að biðja mömmu afsökunar. Ég held að ég sé ekki tilbúin í fleiri skref en það.

Alfa Jóhannsdóttir